



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. maí 2005 - 144. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

FH vann í Vesturbænum

FH-ingar unnu góðan sigur á KR, 0-1, á KR-vellinum í gær. Hafnfirðingar hafa fullt hús stiga þegar deildin fer í landsleikjafri.



ÍÞRÓTTIR 20

Hægrisókn frá vinstri

Hugmyndir sjálfstæðismanna um byggð í eyjunum við Reykjavík sýna að þeir eru reiðubúnir að sækja gegn R-listanum á forsendum sem vinstri menn ættu að setja fram segir Guðmundur Andri Thorsson.



UMRÆÐAN 16


Fádæma vinsældir Lost

Lokaþátturinn í Lost fékk meira áhorf í BNA en lokaþáttur bandaríska Idolsins.




SJÓNVARP 25

VEÐRIÐ Í DAG



BJART MED KÖFLUM Hætt við lítilsháttar þokusúld vestan til og síðdegisskúrum víða um land. Hiti víðast 7-15 stig, hlýjast til landsins. **VEÐUR 4**

Mest lesna Fasteignablaðið



*Lestur fasteignablaða. Samkvæmt fjölmörgum Gallup-maí 2005

Stjórnarsamstarfið lagt undir í átökunum um VÍS

Halldór Ásgrímsson hótaði Davíð Oddssyni að hætta við einkavæðingu bankanna fengi Samson að kaupa VÍS með Landsbankanum. Davíð hefði þá slitið ríkisstjórnarsamstarfinu. Eigendurnir, S-hópurinn og Landsbankinn, tókust á um yfirráðin í VÍS. S-hópurinn kalla átökin „Sex daga stríðið um VÍS“.

EINKAVÆÐING Átökin milli eigendahópanna tveggja í tryggingafélaginu VÍS urðu til þess að ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks var í hættu. Halldór Ásgrímsson hótaði Davíð Oddssyni því að ef VÍS yrði selt Samson með Landsbankanum myndi hann hætta við einkavæðingu bankanna. Með því að stöðva einkavæðingarferlið væri hann að brjóta gegn stjórnarsáttmálanum og Davíð Oddsson hefði slitið ríkisstjórnarsamstarfinu.

S-hópurinn átti helming í VÍS á móti Landsbankanum. Mikilvægi VÍS hvað varðar bankasöluna felst helst í því að tryggingafélag

á borð við VÍS er mjög öflugur bakhjarl í fjárfestingum.

Þetta kemur fram í þriðju fréttaskýringu Fréttablaðsins í greinaflokki um einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbank-



ans sem birtist í blaðinu í dag.

Þar segir einnig að Landsbankinn hafi gerst brotlegur gegn S-hópnum með því að selja um 7 prósent hlut í VÍS eftir að S-hópurinn hafði afturkallað söluumboð sem hann hafði veitt Landsbankanum um sex vikum áður. S-hópurinn átti helming af hlutnum sem Landsbankinn seldi og heldur því fram að Landsbankinn hafi selt sjálfum sér hlutinn.

S-hópurinn sagði sölu brot á lögum um verðbréfavíðskipti, lögum um viðskiptabanka og reglum Kauphallarinnar. S-hópurinn skrifaði bréf til Kauphallarinnar og Fjármálaeftirlitsins þar sem vakin

var athygli á háttsemi Landsbankans og óskaði eftir því að gripið yrði til viðeigandi ráðstafana og viðurlaga eftir atvikum.

Mitt í þessum deilum hitti Björgólfur Guðmundsson, einn þriggja sem stóðu að Samson sem sóttist eftir að kaupa Landsbankann eða Búnaðarbankann, Ólaf Ólafsson úr S-hópnum til að ræða um VÍS. Þá voru enn tvær vikur í að framkvæmdanefndin tilkynnti að hún myndi hefja viðræður við Samson um kaupin á Landsbankanum.

S-hópurinn kallar átökin „Sex daga stríðið um VÍS“.

- sda/ Sjá síðu 4, 10 og 11.



ÚRSLITUNUM FAGNAÐ Andstæðingar stjórnarskrársáttmálans komu saman á Bastillu-torginu í París í gærkvöld og fögnuðu úrslitunum vel og innilega. Þótt flest benti til að Frakkar myndu hafna sáttmálanum í þjóðaratkvæðagreiðslunni þá var niðurstaðan meira afgerandi en reiknað hafði verið með. Jacques Chirac Frakklandsforseti viðurkendi ósigur sinn í sjónvarpsávarpi þegar hugur Frakka var orðinn ljós.

Afgerandi úrslit í þjóðaratkvæðagreiðslunni:

Frakkar höfnuðu sáttmálanum

PARÍS, AP Frakkar höfnuðu stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins með afgerandi hætti í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem fram fór í gær. Úrslitin eru reiðarslag fyrir Jacques Chirac, forseta landsins, og draga auk þess úr líkunum á að sáttmálinn taki gildi í óbreyttri mynd.

Kjörsókn var þrýðileg í kosningunum í gær, um sjötu prósent þjóðarinnar neyttu atkvæðisréttar síns. Þegar 83 prósent at-

kvæða höfðu verið talin í gærkvöld tilkynnti franska innanríkisráðuneytið að 57,26 prósent hefðu sagt nei en aðeins 42,74 prósent hefðu sagt já.

Stuttu síðar flutti Chirac stutt sjónvarpsávarp þar sem hann viðurkendi ósigur sinn. „Frakkland hefur sagt sína skoðun á lýðræðislegan hátt. Þetta er sjálfstæð ákvörðun ykkar og ég virði hana,“ sagði hann en bætti við að staðfestingarferlið yrði að halda

áfram í öðrum ríkjum Evrópusambandsins.

Philippe de Villiers, leiðtogi andstæðinga stjórnarskrársáttmálans, sagði að úrslitin þýddu að sáttmálinn væri nú dautt plagg og skoraði á Chirac að segja af sér.

Úrslitin í Frakklandi auka líkurnar á að Hollendingar hafni sáttmálanum í sinni atkvæðagreiðslu sem haldin verður á miðvikudag.

Sjá síðu 6

Lekinn í Sellafíeld:

Urðu einskis varir í tæpt ár

BRETLAND Nú er komið í ljós að 83.000 lítrar af mjög geislavirkum vökva láku úr ónýtri leiðslu í Thorp-kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafíeld í allt að níu mánuði án þess að starfsmenn hennar yrðu þess áskynja.

Breska dagblaðið The Independent on Sunday sagði í gær frá niðurstöðum skýrslu um lekann sem uppgötvaðist í síðasta mánuði en í henni eru starfsmenn Thorp-stöðvarinnar harðlega gagnrýndir fyrir aðgæsluleysi sitt.

Ráðamenn viðurkenna í samtali við blaðið að hugsanlegt sé að stöðin verði ekki opnuð framur en hún hefur verið lokuð síðan lekin uppgötvaðist. Þótt lokunin verði kærkomin gæti hún kostað skattgreiðendur milljarða punda. ■



Priðjudagar
Immingham / England

591 3000



GERÐU ÞÉR MAT ÚR TÓMÖTUM

ÍSLENSK TÓMATSÚPA

1 íslensk gulrót
1 gul íslensk paprika, lítil
25 g íslenskt smjör
800 g íslenskir tómatar, vel þroskaðir
2 tsk ferskt íslenskt timjan, saxað
1 tsk ferskt íslenskt rósmarín, saxað
nýmalaður pipar
salt
3/4 l vatn
2-3 msk íslenskur graslaukur
íslenskur fetaostur til að setja út í.

Gulrótin og paprikan skornar í litla teninga. Smjörið brætt í potti og gulrót og paprika láttnar krauma í því við fremur vægan hita í nokkrar mínútur. Tómatarnir saxaðir og settir út í ásamt kryddjurtum, nokkuð miklum pipar og salti. Hitað að suðu og látið malla við hægán hita í 25-30 mínútur. Þá er súpan smökkuð til og söxuðum graslauk dreift yfir. Tekin af hitanum og látin standa 1-2 mínútur en síðan borin fram ásamt fetaosti, sem hver og einn setur út í eftir smekk. Lykilatriði til að súpan verði góð er að tómatarnir séu vel þroskaðir og rauðir og að notaður sé töluvert mikill pipar til að krydda hana.



fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur á íslenskt.is

Ferðafrelsi Og Vodafone

Nú getur þú notað Frelsið þitt í útlöndum. Skráðu þig í Ferðafrelsi **Og Vodafone** um leið og þú gengur frá vegabréfinu. Skráning í Ferðafrelsi er án aukagjalds.

Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar.



Heyrumst!

© 2005 AUGU WICKSTROM/S&S - 005 1111 402005

Tuttugu og fimm biðu bana í árásum gærdagsins í Írak:

Al-Zarqawi sagður flúinn til Írans

ÍRAK Talið er að Abu Musab al-Zarqawi, leiðtogi al-Kaída Írak, hafi yfirgefið landið. 25 fórust í árásum og átökum víða um landið í gær.

Stærsta hernaðaraðgerð Íraka síðan Saddam Hussein var steyppt af stóli hófst í gær. Þá tóku hermenn að reisa eftirlitsstöðvar víða í Bagdad auk þess sem þeir réðust inn á fjölda heimila í Dora-hverfinu í höfuðborg-

inni þar sem grunaðir hryðjuverkamenn eru taldir halda sig.

Það aftraði þeim ekki frá því að halda uppteknum hætti því í gær týndu að minnsta kosti 25 lífi í fjölmörgum bardögum og árásum víða um landið. Sem fyrr beindu uppreisnarmenn spjótum sínum helst að lögreglustöðvum og voru margar slíkar árásir gerðar í höfuðborginni í gærmorgun, nánast allar á sama tíma.

Í gær greindi breska dagblaðið The Sunday Times frá því að Abu Musab al-Zarqawi, forspraki al-Kaída í Írak, hefði flúið til Írans eftir að hafa særst illa í eldflauga-árásum. Blaðið segist hafa fengið



GÆSLAN HERT Íraskur hermaður leitar að vopnum á samlanda sínum í höfuðborginni í gær.

upplýsingar sínar frá nánum samstarfsmanni al-Zarqawi.

Þá var skýrt frá því að jap-

anski gísliinn Akihiko Saito væri látinn en hann var í haldi uppreisnarmanna. ■



KJÖRKASSINN

Eiga Skorrðalingar að sameinast nágrannasveitarfélögum sínum?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	70%
Nei	30%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Först þú í leikhús síðasta vetur?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Björgvin G. Sigurðsson:

Fagnar frestun

MENNTAMÁL Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, fagnar því að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra fresti fyrirhugaðri styttingu stúdentsnámsins.

„Þær tillögur sem fram voru komnar voru algerlega óviðunandi. Ég styð markmiðið um að stytta námstímann, en ekki með því að skerða innihald stúdentsprófsins og rýra gildi þess. Samþætting skóla- stiganna er algert grundvallaratriði styttingar námstíma og þar er öll heimavinna óunnin af hálfu ráðherra. Komi ráðherrann aftur fram með nýjar tillögur þá hlýtur hún að hlusta á þær hörðu gagnrýnisráðir sem fram hafa komið.“ ■

BANDARÍKIN

KROSSABRENNUR VALDA ÓHUG

Urgur er í íbúum Durham í Norður-Karólínu eftir að þrjár stórir tré-krossar voru brenndir á miðviku-dagskvöldi. Við einn þeirra fannst orðsending sem undirrituð var af kynþáttamisréttissamtökunum Ku Klux Klan. Talsmaður samtakanna í héraðinu neitar alfarið að brennurnar hafi verið á þeirra vegum.

LÉST EFTIR GRJÓTKAST Kona í San Diego í Kaliforníu beið bana þegar hún fékk grjótmullung í höfuðið sem kastað hafði verið í gegnum rúðu á bíl hennar á föstudagskvöldi. Maður hennar ók bifreiðinni en konan var á leið heim úr vinnu. Steinum var kastað í fleiri bíla á þessum slóðum þetta kvöld.

SJÓMENNASKA

AFHJÚPA MINNISMERKI Minnismerki um druknaða sjómenn verður afhjúpað á Vopnafirði á sjómannadaginn. Fjölskylda Bjarka Björgólfssonar gefur minnismerki í minningu Þorsteins Jóns Björgólfssonar sem fórst á sjó fyrir tæpum aldarfjórðungi.



Í **MINNIHLUTA** Jacques Chirac og Bernadette, eiginkona hans, greiddu atkvæði í heimabæ sínum í Mið-Frakklandi í gærmorgun. Kosningaúrslit eru sem kjaftshögg í andlit forsetans.

Frakkar sögðu nei við stjórnarskránni

Frakkar höfnuðu stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins með afgerandi hætti í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær. Kjörsókn var jöfn og þétt allan daginn enda var báðum fylkingum annnt um að sinn málstaður yrði ofan á í kjörinu.

PARÍS, AP Kjörsókn var þrýðisgóð í þjóðaratkvæðagreiðslunni í Frakklandi um stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins enda eru skoðanir fólks um plaggið afar skiptar. Andstæðingar sáttmálans átöldu ríkisstjórnina fyrir gegndarlausan áróður en stuðningsmennirnir kvörtuðu undan ómálefnalegri kosningabaráttu.

42 milljónir Frakka voru á kjörskrá en þar af búa 1,5 milljónir á frönskum yfirráðasvæðum víða um heim sem kusu á laugar-daginn. Strax í gærmorgun tóku franskir kjósendur að flykkjast á kjörstaðina 55.000 sem opnaðir voru víðs vegar um landið. Kjörsókn var jöfn og þétt allan daginn og þegar kjörstöðunum var lokað í gærkvöld höfðu ríflega sjöftu prósent þjóðarinnar greitt atkvæði.

Þetta er örliðu meiri þátttaka en í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Maastricht-sáttmálann sem haldin var árið 1992.

Jacques Chirac forseti kaus í heimabæ sínum, Sarran, í Correze-héraðinu í Mið-Frakklandi en Jean-Pierre Raffarin forsætisráðherra greiddi atkvæði í Chasseneuil-du-Poitou í vesturhluta landsins. Líklegt er að sá síðarnefndi verði látinn segja af sér vegna úrslita kosninganna en hann þykir afar óvinsæll í Frakklandi.

Eins og við er að búast höfðu kjósendur margvíslegar skoðanir á málunum. „Valkostirnir sem við fengum voru að segja já eða segja já,“ sagði kona á kjörstaðnum við Bastilluna í París en hún var afar gröm ríkisstjórninni fyrir einhliða

áróður sinn til stuðnings sáttmálanum. Nágranni hennar kvartaði hins vegar yfir að í stað þess að snúast um stjórnarskrársáttmálan hefðu innanlandsmálefni og persónur stjórnmalaleiðtoganna verið það sem baráttan snerist um. Enn einn kjósendi í Bastillunni kvaðst hafa skilað auðu þar sem jafn sterk rök hefðu hniðgið að hvorum kostinum fyrir sig.

Næstu dagar munu svo leiða í ljós hvaða þýðingu kosningaúrslitinn munu hafa. Þótt Chirac muni tæpast segja af sér er ljóst að staða hans bæði heima og erlendis hefur veikst verulega. Hafni Hollendingar einnig stjórnarskrársáttmálanum í sinni atkvæðagreiðslu á miðvikudaginn er eru allar líkur á að þar með verði saga hans öll. ■

Vinnuslys hafa ekki valdið fjarvistum undanfarið ár:

Aukið öryggi í álveri Alcan í Straumsvík

ALCAN Ekkert fjarveruslys hefur orðið í álveri Alcan í Straumsvík í rúmt ár eða í samtals eina milljón vinnustunda. Hefur aldrei liðið jafnlangur tími hjá fyrirtækinu án fjarveruslyss en þá er átt við slys sem veldur því að starfsmaður getur ekki mætt til vinnu næsta dag.

Þessi árangur í öryggismálum er með því besta sem gerist í áliðnaði í Evrópu að sögn forsvarsmanna Alcan í Straumsvík. Þeir þakka þetta markvissu starfi í að auka öryggi starfsmanna en til

samanburðar voru 50 fjarveruslys hjá fyrirtækinu árið 1997. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 500 menn.

Álverið í Straumsvík hefur einnig ákveðið að stofna sérstakan samfélagssjóð sem hefur það hlutverk að styðja við margs konar starf að samfélagsmálum. 20 milljónum króna verður varið árlega til sjóðsins en til að verkefni fái úthlutun þarf það að varða málefni á sviði heilsu og hreyfingar, öryggismála, umhverfismála, menntamála og menningarmála.



RANNEIG RIST Forsvarsmenn álversins í Straumsvík hafa lagt aukna áherslu á öryggismál innan fyrirtækisins á undanföllum árum.



Prófaðu Nicorette Freshmint

Nicorette Freshmint er nýtt nikótínþyggigúmmi með langvarandi myntubragði.

nicorette

Nicorette nikótínþyggigúmmi er framleitt af Nicorette og er notað þegar reykingum er hætt eða þegar dragbúi er úr reykingum. Til að ná bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingabundnar eftir því hve mikið er reykt, hvort hættist á reykingum eða dragi þú þeim. Því þer að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkan og notkun, varuðareglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfi er notað, hugsanlegar aukaverkanir og aðrir upplýsingar. Lesið til hessa eða fylgjast með því er á frönskum upplýsingum um lyfi. Þeir sem tengdu hafa ónæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfjans, nýrlegt hjartalæði, óstöðuga veranandi hjartalag, alvarleg hjartalagörp eða nýrlegt heilabólaki eiga ekki að nota Nicorette nikótínþyggigúmmi. Bóm yngri en 15 ára, þunguþjálfar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínþyggigúmmi nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðlinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfi. Geymt í fylgiseðlinum. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhaf markabreytis: Pfizer ApS. Umbóð á Íslandi: Vistor H., Hörgatúni 2, Garðabæ.



Extreme

hraðbón

Háþróað Trilicone™ efni

Inniheldur þrjár sílikon sameindir sem saman veita dýpsta mögulega gljáa og vernd og binda bónið þannig að meðferðin endist í langan tíma.

EXTREME bónið hefur einstaka hreinsieiginleika, hrindir sérstaklega vel frá sér vatni, verndar lakkid og gefur því djúpan gljáa með mikla endingu. Inniheldur UV vernd.

Auðvelt í notkun og má nota á allt lakk, einnig metal og glæru.



Sími 535 9000

Fæst einnig á bensínstöðvum Skeljungs

NÁM
SAMHLÍÐA
STARFI

2 dagar
til
stefnu

Umsóknarfrestur til **1. júní**

Nánari upplýsingar og umsóknir á
endurmenntun.is eða
í síma 525 4444

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS
endurmenntun.is

Erill var hjá lögreglu í miðbæ Reykjavíkur í fyrrinótt:

Margir slógust í Hafnarstræti

LÖGREGLUFRETTIR Hópslagsmál brutust út fyrir framan skemmtistaðinn Ópus í Hafnarstræti í Reykjavík aðfaranótt sunnudags og var fjöldi lögreglumanna sendur á vettvang til að skakka leikinn.

Nokkuð greiðlega gekk að ráða niðurlögum slagsmálanna fyrir utan að einn slagsmálseggjanna sinnti ekki tilmælum lögreglunnar og var hann því handtekinn. Hann var færður í fangageymslur lögreglunnar þar sem honum var gefið tækifæri til að láta renna af sér.

Síðar sömu nótt þurfti lögregla að hafa afskipti af manni

sem lá á bekk á Austurvelli. Sá brást hinn versti við og réðst að einum lögreglumanna þannig að lögreglumadurinn féll við og slasaðist. Árásarmaðurinn var handtekinn en lögreglumadurinn færður á slysadeild þar sem gert var að sárum hans.

Fjölmennt var í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt sunnudags. Sérstaklega settu stúdentar með hvíta kolla svip á borgina þar sem þeir fögnuðu útskrift sinni.

HAFNARSTRÆTI Hópslagsmál brutust í Hafnarstræti aðfaranótt sunnudags og var fjöldi lögreglumanna kallaður til til að skakka leikinn.



Tveir á slysadeild:

Beinbrotinn í samkvæmi

LÖGREGLUFRETTIR Lögreglan í Hafnarfirði var kölluð til að íbúðarhúsnæði á Dalshrauni rétt fyrir klukkan sex á laugardagskvöldið. Þar hafði slegið í brýnu með fimm einstaklingum sem sátu þar að sumbli.

Tveir voru slasaðir eftir átökin og voru þeir fluttir á slysadeildina, þar kom í ljós að annar þeirra reyndist handleggsbrotinn. Þeir voru færðir í fangageymslur lögreglunnar í Hafnarfirði þar sem þeir sváfu úr sér. Þeir voru síðan yfirheyrðir á sunnudagsmorguninn og sleppt um hádegisbilið að yfirheyrslum loknum.

-fgg

Íslenskukrafan ekki til að stjórna fólki

Dómsmálaráðherra segir íslensk lög sem varða íslenskukunnáttu innflytjenda ekki ströng. Framkvæmdastjóri Fjölmennningar segir lélega íslenskukunnáttu notaða til að hindra framgang innflytjenda í starfi.

INNFLYTIJENDAMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra er ósammála þeirri skoðun Guðrúnar Guðmundsdóttur mannfræðings, sem kom fram í Fréttablaðinu í gær, að krafan um íslenskukunnáttu sé leið til að hafa betri stjórn á fólki. Kannanir sýni að innflytjendum sé mikið kapp-

verða ekki talin ströng í þessu tilliti miðað við það sem víða gerist,“ segir Björn sem telur ekki sjálfgefið að fjármögnun íslenskunáms eigi að lenda á skattgreiðendum.

Ingibjörg Hafstað, framkvæmdastjóri Fjölmennningar ehf., telur framsetningu Guðrúnar svolítið einfalda. Eina krafan sem sett sé fram í lögum sé sú að ljúka þurfi 150 íslensktímum til að fá búsetuleyfi, engar kröfur séu settar fram um hversu mikið þurfi að kunna. Hins vegar hafi hún heyrt útlendinga halda því fram að þeir nái ekki framgöngu á vinnustað vegna ónægðar íslenskukunnáttu.

Ingibjörg telur lögum um íslenskukunnáttu nokkuð einhliða, útlendingar eigi að ná sér í þessa íslenskutíma hvort sem þeir

standi til þóða eða ekki. Hún segir að vinnustaðir þurfi að bera meiri ábyrgð á því að gera fólki kleift að læra en yfirvöld þurfi þó að gefa tóninn og tryggja að öllum standi til þóða íslenskunámskeið við hæfi.

Ingibjörg er sammála Guðrúnu um að gerðar séu allt of miklar kröfur um málfræðilega kunnáttu, það snúi þó að almenningssálinni og komi lögum ekki við.

-sig



BJÖRN BJARNASON Segir að krafan um íslenskukunnáttu sé ekki leið til að hafa betri stjórn á fólki.



INGIBJÖRG HAFSTAÐ Vill að yfirvöld tryggji að öllum standi til þóða íslenskunámskeið við hæfi.

Skrautlegir mótorkrossmenn:

Máluðu Vík rauða

LÖGREGLUFRETTIR Lögreglan á Vík í Mýrdal þurfti að hafa talsverð afskipti af gestum á mótorkrossmóti sem þar fór fram.

Þrjú fíkniefnamál hafa komið upp í kringum mótið. Á laugardag var lagt hald á töluvert magn af fíkniefnum, þrjú grömm af amfetamíni, ellefu grömm af kókaini, fjögur og hálf gram af marjúana og ellefu e-töflur. Sjó einstaklingar voru handteknir en þeim sleppt að loknum yfirheyrslum.

Eitthvað var um þústra á laugardagskvöld þegar mótinu var slitið en enginn kærður fyrir líkamsárás. Í gærmorgun var svo tilkynnt um innbrot, lögreglan stóð þjófana að verki og handtók fjóra.

Að sögn Björns Hjörleifssonar, varðstjóra lögreglunnar í Vík í Mýrdal, hafði lögreglan yfirdrifið nóg að gera. Bæjarbúar eyddu



VÍK Í MÝRDAL Lögreglan á svæðinu hafði yfirdrifið nóg að gera í sambandi við mótorkrossmótið sem haldið var í bænum.

sunnudeginum í að þrifa en Björn sagði umgengnina ekki vera mótorkrossmönnum til mikils sóma. Heimferð þeirra gekk að mestu vel en þó sagði Björn að lögregla hefði stöðvað ökumann á 166 kílómetra hraða. Sá hefði ekki verið fyrir kominn með sektina í veskið en hann var stöðvaður aftur, þá á 122 km hraða. Má hann búast við þriggja mánaða ökusviptingu og hárrí fjársekt. -fgg

Voldug hæð yfir landinu tryggir gott veður:

Svipað veður áfram

VEÐUR Spámennirnir á Veðurstofu Íslands sjá ekki fram á neinar breytingar á veðrinu næstu vikuna og rúmlega það.

„Það veður mjög rólegt veður, væntanlega mjög bjart en engin veruleg hlýindi að sjá enn sem komið er,“ segir Theódór Hervarsson veðurfræðingur. „Hitinn gæti náð í 14 eða 15 gráður yfir daginn og það má alltaf reikna

með einhverju skúraveðri, en enga hressilega vætu er þó að sjá í þessu.“

Ástæðuna fyrir þessu stöðuga veðri segir hann vera hæðarhrygg sem hafi plantað sér niður umhverfis landið og sé alls ekkert á förum á næstunni. Engar lægðir eigi minnsta möguleika á að vinna á henni í bráð.

-gb

Ný mynd eftir
Dag Kára
Leikstjóra Móa albinna

★★★★☆
POLSKA
★★★★☆
BERLINSKIS THESISE

VAKJNE
MENNESKER

JAKOB CEDERBERG
NICOLAS BLO
TILLY SCOTT PEDERSEN
MORTED SUURGELLE

"Dagur Kára stíplar sig inn sem einn áhugaverðasti kvikmyndagerfarnar Íslandings."
Björkinn Björnsson - Fréttablaðið

"Stíllur af þessari mynd. Í sínu sögu sagt stíllurleg"
Móhildur Ólafsdóttir - Talandið

"Stíllur, spjall og ljóðum"
Kjartaninn - Fréttablaðið

www.vakjne.is

Síðustu sætin í sólinu í júní og júlí.

Sólarlottó

Sama sólin, sama frið en á verði fyrir þig.

- Þú velur áfangastað og ferðadag og tekur þátt í lottóinu um hvar þú gistir.
- Viku fyrir brottför staðfestum við gistaðinn.

Netverð frá **39.990*** kr.

á mann miðað við 2 eða 4 í stúdíói eða íbúð. Enginn barnaafsláttur.

*Innifalið er flug, gisting í 7 nætur, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Spilaðu með!

plús
FERDIR

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • 200 Kópavogur • Sími 535 2100



Krít
6. 27. júní, 4. og 21. júlí

Mallorca
25. maí, 15. júní, 6. 13. júlí og 17. ágúst

Costa del Sol
2. 9. 16. 23. 30. júní 7. og 21. júlí


Portugal
20. 27. júní, 4. 11. 18. júlí og 22. ágúst

Allt til alls!



Málning, múr- og þéttiefni fyrir húsið

Við bjóðum þig velkominn nýja verslun Múrbúðarinnar á nýjum stað að Kletthálsi 7. Þar bjóðum við glæsilegt úrval af hvers kyns byggingavörum, verkfærum og tækjum á góðu verði fyrir **alla... alltaf.**



MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

EFTIRMÁL: STRÆTÓ FLAGGAR Á ÞJÓÐHÁTIÐARDEGI NORÐURLANDAPJÓÐA

Hættir að flagga með öllu

Í fjöldamörg ár mátti á þjóðhátíðardegi hvers Norðurlands sjá fána viðkomandi lands blakta á þökum strætisvagna sem keyrðu um götur borgarinnar. Hörður Gíslason, aðstoðarframkvæmdastjóri Strætó bs., segir að langt sé síðan sú hefð hafi verið lögð af. Líklega hafi verið tekin ákvörðun um að hætta þessu fyrir um tíu árum. Hörður er ekki viss hvenær þessi hefð skapaðist. Hann telur þó líklegt að það hafi verið gert í samnorrænu átaki á sjötta áratugnum. Hins vegar hafi fyrirtækið verið að endurnýja búnað og þá var tekin ákvörðun um að endurnýja ekki fánana enda þoldi tauið illa íslenska veðráttu. Þá hafi Íslendingar líka verið þeir einu sem héldu í þessa hefð.

Styttra er síðan Strætó hætti að flagga íslenska fánanum. Hörður segir það



Í STRÆTÓ Fánar á strætisvagni voru barn síns hluta af nútímavæðingu fyrirtækisins. Talsverð fyrirhöfn hafi verið að setja upp flöggin kvöldið fyrir 17. júní. Hins vegar eru flögginn stundum sett á nokkra bíla

tíma að mati Strætó bs. Þegar tilefni þykir til. Íslenski fáninn mun því ekki prýða strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu á þjóðhátíðardeginum í ár.

SVONA ERUM VIÐ



Í FYRRA SIGLDU 63 ÍSLENSKIR SEGLBÁTAR UM HEIMSINS HÖF. Heimild: Hagstofan

24

stundir

ÁSTKÆRA YLHÝRA

ALSTUÐ

Eitt af sérkennilegri orðtökum sem við Íslendingar eigum er að leika á als oddi, sem má segja að merki að vera í gríðarlegu stuði. Alur er lítill stingur eða handbor og að leika á oddi hans er jafngilt því að leika við hvern sinn fingur, þótt einkennilegt megi virðast. Enn ein málbirtingarmynd þessa jákvæða ástands er að leika alsolla. Sollur er einhvers konar gláumur eða kæti en merkingin getur þó verið allt niður í svall eða spilltan félagskap, enda geta partín farið ræki-lega úr böndunum í sollinum.

magnus@frettabladid.is

Dómur í Kaliforníu:

Kjúklingur slapp við sekt

Kjúklingur sem sektaður var fyrir að ganga yfir götu hefur krafst að sér leið út úr ógöngunum. Kjúllinn hafði verið sektaður um 54 dollara í mars síðastliðnum fyrir að hamlu umferð þegar hann rambaði inn á götu í Jóhannesar-



borg í Kaliforníu.

Lögfræðingur eigenda hans, Moore-hjónanna, hélt í frammi þeirri vörn að umræddur kjúklingur væri í raun gæludýr og gæti því ekki verið ákærður sem húsdýr. Í lögum Kaliforníuríkis er kveðið á um bann við umferð húsdýra á þjóðvegum en slíkt á ekki við um gæludýr.

Moore-hjónin héldu því fram að þau hefðu einvörðungu verið sektað þar sem þau mótmæltu að lítið hefði verið gert til að hafa hendur í hári háværra farartækja utan vegar. Lögregluþyriföld segja þó sektina ekkert hafa með það að gera.

Það breytir þó ekki því að fallið var frá sektinni og kjúklingurinn getur lifað lífi sínu áhyggjulaus, nema auðvitað Moore-hjónin séu sólgín í kjúklingasúpu.

- sgi




INGIMAR STENDUR VIÐ BRÖNDU Þessi bröndótti barmur kemur nautunum til. Sveinbjörn verður þá að hafa hröð handtök með fuðuna en á innfelldu myndinni má sjá að hann kann á henni handtökin.



Akraland ehf, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
sími 599 4000, fax 599 4001 www.akraland.is

GULLMOLINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



23 lóðir í Akrahverfi, Garðabæ.

Byggingarhæfar á haustmánuðum 2005.

Tilboðum skal skila eigi síðar en föstudaginn 3. júní kl. 15:00.

Síðari hluti

- Tilboðsfrestur 03. júní
- Tilboðsfrestur útrunninn, var 20. maí

BORGIR

EIGNAMIÐLUN

Tilboðum skal skila á skrifstofu Akralands þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar um lóðirnar. Fasteignasölurnar Borgir og Eignamiðlun munu einnig annast milligöngu um sölu lóðanna og geta þeir sem hafa áhuga snúið sér þangað.

Nánari upplýsingar um lóðirnar, stærðir þeirra og nýtingu, einnig upplýsingar um hvernig væntanlegir kaupendur bera sig að við tilboðsgerð er að finna á vefsíðu Akralands www.akraland.is

Þar er einnig að finna nauðsynleg gögn sem tilboðsgjafar þurfa að kynna sér, s.s. tilboðsskilmála, tilboðsskrá og sölu- og skipulagsskilmála.

Ein uppáferð í viku

Nautin á Nautastöðinni á Hvanneyri eru einu sinni í viku leidd á bröndotta gervikú sem kölluð er Branda. Það er eins gott að nautin fáist til uppáferðar því annars bíður þeirra slátrarinn.

„Það er hægt að plata flest nautin til að stökkva á Bröndu,“ segir Ingimar Einarsson, starfsmaður á Nautastöðinni á Hvanneyri, en Branda þessi er gervikú sem kemur nautunum til. Þá stökkva þau á hana í æxlunarham en Sveinbjörn Eyjólfsson, forstöðumaður Nautastöðvarinnar, stekkur þá til með svokallaða fuðu og setur yfir lim nautsins og safnar sæðinu. Hylki með sæðinu er svo sett í frysti þar sem það er geymt í fljótandi köfnunarefni við 196 gráðu frost.

En ef nautin láta hins vegar ekki til leiddast með Bröndu eru örlög þeirra ráðin því þeim er slátrað. Eins fer fyrir þeim nautum sem láta tilleiddast en fást ekki til sæðisláts eða þá ef sæðisfrumurnar þola ekki frostgeymsluna.

„Þau eru afskaplega fljót að þessu, þetta er eiginlega bara einn, tveir og þingó,“ segir Ingimar kankvís. „Það er því eins

gott að Sveinbjörn hafi hröð handtök með fuðuna.“

Hvert naut er leitt á Bröndu einu sinni í viku og er tekið úr hverju nauti 6.600 skammtar en svo er því slátrað. Kúabændum eru sendir þúsund skammtar og svo er beðið eftir því hvernig kvígurnar reynast sem undan koma. Kynbótanefnd metur af- raksturinn og ef kálfarnir standast ekki kröfur hennar er sæðinu hent. „Það er ýmislegt sem þessi kynbótanefnd verður að taka mið af, til dæmis er skap þeirra metið en þessi kynbótavinna hefur meðal annars skilað því að kýrnar eru mun skapbetri í dag en þær voru áður. Það kann að hljóma undarlega en lundarfarið skipti miklu máli, það getur verið hræðilegt að eiga við þær ef skapgerð þeirra er þannig,“ segir Ingimar.

En Nautastöðin er ekki ær og kýr Ingimars því að tónlistin á hug hans allan. Hann lætur af störfum í júlí eftir 33 ár í Nautastöðinni og ætlar að njóta þess að hafa meiri tíma til að syngja og leika á harmoníkuna. „Ég tek stundum lagið hérna þegar bændurnir koma í heimsókn og þá taka þeir yfirleitt duglega undir,“ segir Ingimar sem er þegar farinn að kenna nýjum starfsmanni að lokka nautin á Bröndu.

js@frettabladid.is



Landbúnaðarháskóli Íslands:

Fyrstu nemarnir útskrifaðir

Fyrsta brautskráning frá Landbúnaðarháskóla Íslands var haldin við hátíðlega athöfn í Reykholtskirkju á föstudag, en skólinn varð til þegar þrjár stofnanir sameinuðust síðastliðin áramót. Þær eru Garðyrkjakóli ríkisins, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.

„Þetta hefur gengið vonum fram,“ segir Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, um starfsemi hins sameinada skóla, en þetta var fyrsta brautskráningin sem Ágúst stýrir. Hins vegar sé ekki komin löng reynsla á skólastarfið enda varð sameiningin á miðjum skólavetri.

Því hafi ekki miklu verið breytt í starfseminni ennþá.

„Það allra sterkasta í þessu er að inn í þetta kemur Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og það skiptir mestu máli,“ segir Ágúst og áltur að það þýði að um 60 prósent af starfsfólki skólans sinni rannsóknarvinnu beint eða óbeint. Þetta gefi færi á rannsóknar tengdu námi, auk þess sem innan vébanda skólans sé komið færasta vísindafólk á sviði landbúnaðar á Íslandi.

Alls útskrifuðust sextán nemendur á háskólastigi og átján af búfræðibraut. Um 130 starfsmenn vinna hjá skólanum og eru nemendur um 300. Ágúst segir



FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HJUNUR HREIÐANSSON

ÚTSKRIFTARHÓPUR Fyrsti hópur útskriftamema frá Landbúnaðarháskóla Íslands, ásamt rektor Ágústi Sigurðssyni.

áhugann á skólanum hafa aukist eftir sameininguna og stefnt sé að

því að reyna að fjölga nemendum á næstu árum. ■

KB ÍBÚÐALÁN – NÝJUNG!

VIÐ BORGUM AF ÍBÚÐALÁNINGU FYRIR ÞIG



Dæmi um mánaðariðgjald af KB Lánavernd m.v. 10 milljóna kr. KB Íbúðalán til 40 ára og að KB Lánavernd taki yfir greiðslur af láningu í u.p.b. þrjú ár.

Aldur	Karl	Kona
25 ára	385 kr.	317 kr.
35 ára	538 kr.	522 kr.
45 ára	1.195 kr.	1.069 kr.

Alvarleg áföll gera sjaldnast boð á undan sér og þeir sem fyrir þeim verða eru oft illa í stakk búnir að kljást við fjárhagsskuldbindingar eins og greiðslur af íbúðarhúsnæði. KB Lánavernd tryggir greiðslur afborgana og vaxta KB Íbúðaláns við andlát eða alvarlegan sjúkdóm.

Nánari upplýsingar og umsókn má nálgast í þjónustuveri KB banka í síma 444 7000, á kbbanki.is eða í næsta útibúi.

KB Lánavernd er unnin í samvinnu við KB líf, dótturfélag KB banka.



Beltagröfur



Trukkar



Brjótar



Valtarar



Skotbómulyftarar



Beltavagnar



KRAFTVÉLALEIGAN
-alvöru vinnuvélaeiga

Dalvegi 6-8 · Kópavogi
Sími 535 3515

www.kraftvelaleigan.is

„Það er auðveldara að sækja með sterka vörn fyrir aftan sig. Þess vegna eyði ég í sparnað.“



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.





Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK 3.27	13.25	23.25
AKUREYRI 2.41	13.10	23.43

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagurinn 30. maí, 150. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	44-45
Akkurat	36-37
Árborgir	49
Ás	38-39
Bífröst	10
DP fasteignir	15
Draumahús	23-34
Eignakaup	8
Eignastýring	42
Fasteignamarkaðurinn	11
Fasteignamiðlun	12
Fasteignam. Grafarv.	13
Fasteignam. Hafnarf.	19
Fasteignas. Suðurnesja	42
Fyrirtækjasala Íslands	14
GÓ fasteignir	46
Hof	9
Hóll	47
Hraunhamar	20-21 og 48
Húseign	40
Húsaland	8
Höfði	35 og 46
Lundur	16-17
Neteign	41
Nethús	14
Nýtt heimili	18
Valhöll	6-7
Viðskiptahúsið	49
X-hús	8

SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 42

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

allt-fasteignir

hús o.fl.

Hægt að flísaleggja allt BLS. 2 Vorhreingerning í garðinum BLS. 3

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Húsið er allt nýuppgerð, bæði að utan og innan.

Gamalt, endurnýjað timburhús

Fasteignasalan X hús er með til sölu þrjár nýuppgerðar íbúðir í þríbýlishúsi á frábærum stað við Alagrandu 4 í Reykjavík.

Um er að ræða uppgerð, gamalt flutningshús úr timbri, en húsið er mikið endurnýjað. Húsið er með nýrri bárujárnsklæðningu á þaki og veggjum. Gluggar og gler er nýtt. Gluggar eru með gamla útlitinu og þakgluggi er á efstu hæð. Kjallari var steypur undir húsið ásamt stigagangi. Einnig var burðargrind hússins og þak bætt. Útveggir, milli-veggir og gólf voru einangruð. Allar raflagnir, pípuþagningar og gólfefni, það er furuborð og flísar á baði, er nýtt. Innréttingar og tæki í eldhúsi og á baðherbergi eru ný sem og innihurðir, lýsing, svalahurðir og svalir.

Tvær íbúðanna eru þriggja til fjögurra her-

bergja en íbúðin á fyrstu hæð er fjögurra til fimm herbergja.

Gólf í anddyri er klætt furuborðum. Á gólfum í herbergjum eru einnig furuborð. Baðherbergið er gott með flísum á gólfu, upphengdu salerni, baðkari og tengi fyrir þvottavél. Eldhúsið er opið með furuborðum á gólfu. Í íbúðunum er rúmgott herbergi með furuborðum á gólfu og skáp. Stofan er góð með furuborðum á gólfu og útgangi á svalir. Búid er að setja upp ljós í íbúðunum sem fylgja með.

Öllum íbúðunum fylgir sérgeymsla í kjallara. Íbúðinni á fyrstu hæð fylgir frístundaherbergi og salerni í kjallara. Bílskúrsréttindi fylgja íbúðunum á fyrstu og annarri hæð.

Ásett verð á íbúð á fyrstu hæð er 28,9 milljónir. Ásett verð á íbúð á annarri hæð er 23,9 milljónir og ásett verð á íbúð í risi er 22,9 milljónir. ■

LIGGUR Í LOFTINU í fasteignum

Við Hótel Skaftafell er unnið að byggingu nýrrar herbergis í ísálmum í stað þeirrar sem færðist til á grunninum í fávíðri sl. haust og hefur nú verið fjarlægð. Nýju einingarnar eru traustar að gerð og eiga að standast öll veður. Hótel Skaftafell hefur gistirými fyrir 130 manns. Af www.hornafjordur.is



Tónlistarhús og hótel við Austurhöfnina í Reykjavík eru á teiknaborðum að minnsta kosti þriggja hópa sem hafa skilað inn tilboðum um hönnun, uppbyggingu og rekstur. Þeir heita Fasteign, Portus og Viðhöfn. Matsnefnd vinnur að því að fara yfir tilboðin og heyrst hefur að tveir hópanna verði beðnir um frekari útfærslu á þeim. Ráðgert er að hefja framkvæmdir á svæðinu undir lok ársins 2006.



Á Hólavík er unnið að viðhaldi og endurbótum á húsi Galdrasafnsins og umhverfi þess. Stórir steinar eru notaðir til að girða galdragarðinn af og hefur Björk Bjarnadóttir þjóð- og umhverfisfræðingur látið muna um sig þar enda gengur hún um álfabústaði með virðingu. Af www.strandir.is

Byggð í Akureyri, Engey, Örfirisey og Geldinganesi eru nýjustu tillögur sjálfstæðismanna í borginni. Einnig vilja þeir litla og lágreista íbúðabyggð á austurhluta Víðeyjar. Gert er ráð fyrir bæði brúm og jarðgöngum til að tengja eyjarnar við fastalandið.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Vorhreingerning

Nú er tíminn til að hreinsa til í garðinum og kringum lóðina. Einnig er tilvalið að mála handrið og glugga svo hægt sé að eyða sumrinu í að slaka á í garðinum og njóta hans.




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

S.Ó. Garðverk

Fagmennska í fyrirúmi
PALLASMÍÐI, HELLULÖGN,
TRAKTÖRSGRAFA, MINI-VÉL OG
VÖRUBÍLL MEÐ KRABBA

Sigurður Ólafsson
S: 822 3650

GÍTARINN ehf.

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • Sími: 552-2125
gitarinn@gitarinn.is • http://www.gitarinn.is

Þjóðlagagítar m/pick-up
Poki, ól, stilliflauta, gítarnögl
kr. 17.900,-



Þjóðlagagítar
Poki, ól, stilliflauta, gítarnögl
kr. 14.900,-

Opið: Mán.-Fös. kl. 10-18 • Lau. kl. 11-16



Hús Bókabúðar Máls og menningar er uppáaldshús Ásthildar.

Það er sálin í húsinu sem býr húsið til

Ásthildur Kjartansdóttir kvikmyndagerðarkona er ástfangin af Laugaveginum og henni þykja húsin þar skemmtileg.

„Ég á dálítið erfitt með að velja uppáaldshúsið mitt en held ég verði að nefna hús Bókabúðar Máls og menningar á Laugaveginum,“ svarar Ásthildur spurð um sitt uppáaldshús. „Það skemmtilegasta sem ég geri er að fara í þessa búð og skoða bækur, það er eins og ég komi inn í annan heim þegar ég geng inn í húsið og það er alveg frábært. Ég hef komið í margar aðrar bókabúðir en þessi kveikir virkilega í mér. Kannski hefur það eitthvað með húsið að gera,“ segir Ásthildur og viðurkennir að húsið sjálft sé í raun

ekki mjög spennandi, það sé lífið í húsinu sem geri það svo spennandi.

„Þetta hús er alls ekki fallett að utan en það er einhver sál inni í húsinu. Kannski er það vegna þess að sama búðin hefur verið þarna svo lengi. Meðan aðrar búðir leggja upp laupana stendur þessi eins og klettur og þess vegna er þetta hús í mínum huga eins konar akkeri á Laugaveginum.“

Ásthildur segir að í raun og veru muni hún varla hvernig húsið sjálft líti út. „Þetta er náttúrulega bara kassi og í sjálfu sér ekkert spennandi við arkitektúrinn eða útlit hússins. Það er líka athyglisvert að þegar maður labbar niður Laugavegin, sér maður eiginlega ekki húsin heldur horfir maður bara á búðirnar. Maður

ætti einstaka sinnum að horfa upp og skoða húsin því þau eru virkilega skemmtileg. Auðvitað eru nokkur ljót húsin á milli en heildarmyndin er góð og stemmningin einstök.“

Ásthildur frumsýndi á dögunum heimildamynd sína „Róska“ á stuttmynda- og heimildamyndahátíðinni „Reykjavík Shorts & Docs“. Myndin fjallar um listakonuna Róska, örlög hennar og listalíf og segist Ásthildur reyna að draga upp nýja mynd af listakonunni þar sem líf hennar á Ítalíu spilar stóra rullu. „Róska var margbrotinn listamaður sem kannski hefur ekki fengið verðskuldaða athygli. Hún var líka pólitískur aðgerðasinni sem við Íslendingar getum lært mikið af,“ segir Ásthildur.

Glæsilegt úrval
Sisal og Kókos gólfteppa

Heimilisgólfdukar
Tilboðsverð
frá kr. 900 á m²

Teppamottur
40% afsláttur

Teppi horn í horn

Stigateppi
Níðsterk og létt í þrifum

Gerum tilboð að kostnaðarlausu

GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF. • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5510 • 510 5500
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.

Keramik fyrir alla

Sumarnámskeið



Vinsælu barnanámskeiðin eru að hefjast.
Ein vika, allt innifalið
kr. 8900,-

Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

VELFAC


Gluggar
10 ára ábyrgð

formaco

Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík
Sími 577 2050 • www.formaco.is

Bylgjan 989

Valdís Gunnarsdóttir
Sunnudagsmorgna 9-12



Aðlaðandi svalir eru mikil þrýði

Með því að flísaleggja svalirnar verður viðhald minna. Gæta verður þess að velja frostþolnar flísar.

Svalagólf geta verið vandamál, sérstaklega þar sem steypan er að skemmast og málningin að flagna af sem gerir þær mjög ljótar. Margar leiðir eru til að gera svalagólfið huggulegra og þess eðlis að maður njóti þessi betur að vera úti á svölum á góðum degi. Langflestir mála svalagólf, en það kallar á reglulegt viðhald og best er að nota vatnsmálningu sem gefur matta áferð. Lakk á svalagólfum á það til að hlaupa upp og flagna af, þannig að vatn getur safnast saman undir málninguna sem veldur steypuskemmdum.

Góð og varanleg lausn er að flísaleggja svalirnar, en þær er einfalt að þrifa og á sumrin er hægt að ryksuga þær og skúra um leið og gólfín í íbúðinni eru tekin í gegn. „Ekki er hægt að setja hvaða flísar sem er á svalir því þær verða að vera frostþolnar, annars springa þær og skemmast,“ segir Gunnþór Jónsson í Flísabúðinni á Stórhöfða. Best segir hann að fólk spyrjist fyrir um í versluninni áður en það kaupir flísarnar hvort þær henti á svalir. „Vinsælast hjá okkur eru grófkornóttar flísar í látlausum litum í gráum og brúnum tónum,“ segir Gunnþór en í raun er hægt að notast við hvaða liti og form sem er, svo lengi sem flísarnar þoli frostið.



Svalirnar undirbúnar fyrir flísalögnina. Það þarf að þrifa gólfið vel og slétta allar glufur.



Mikilvægt er að finna miðjulinu áður en hafist er handa og leggja flísarnar eftir henni.



Allar flísar komnar á sinn stað og útkoman sannarlega glæsileg.

Virðir minnisvarða fórnarlambanna

Hönnun „Cultural Center“ sem rísa mun á staðnum þar sem Tvi-buraturarnir stóðu var opinberuð í síðustu viku.

Hönnun annarrar af tveim menningarbyggingum á staðnum þar sem World Trade Center stóð, sem eyðilagðist í hryðju-verkaárásam 11. september árið 2001 eins og flestir muna, var opinberuð í síðustu viku í New York.

Byggingin hefur fengið vinnuheitið „Cultural Center“ eða menningarmiðstöð og var hönnuð af norska fyrirtækinu Snøhetta. Í húsinu mun vera The Drawing Center sem mun hýsa listaverk af ýmsu tagi og nýtt safn sem heitir International Freedom Center. Hönnun hinnar byggingarinnar, leiklistarbyggingar Franks Gehry, verður sýnd seinna.

„Cultural Center“ mun verða staðsett í norðausturhorni minningartorgsins þar sem fórnarlamba árásanna er minnst en byggingin var hönnuð til að trufla minnisvarðann sem minnst. „Cultural Center“ verður lág og lárétt bygging og með útsýni yfir Greenwich Street í austri og minnisvarðann í vestri.

Meirihluti byggingarinnar hangir á stuðningsuppbyggingu á þakinu en skábraut leiðir gesti frá jarðhæð upp í sýningar- og samkomusali á hæðinni fyrir ofan.

Fyrsta skóflustungan af „Cultural Center“ verður væntanlega tekin árið 2007.

lilja@frettabladid.is



George E. Pataki, ríkisstjóri New York, dást að nýju hönnuninni.



Graig Dykers útskýrir hvernig gestir „Cultural Center“ ganga upp skábraut til að komast inn í sýningar- og samkomusal byggingarinnar.



Láttu þér líða vel með **ALNO**



PANORAMA

ELDHÚS • TÆKI • STIGAN • BARI • FATASKAPAN
... miðstöð innréttinga
Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
S. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

ÓPÍÐ
Vika daga kl. 10 - 18

!
90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

Fljótandi sumarþustaður fjölskyldunnar

Lystiskipið Skrúður liggur í Reykjavíkurhöfn tilbúið til sjóferða undir stjórn eigandans Héðins Emils-sonar. Báturinn er 23 tonn og er nú sannkölluð fjölskyldufleyta.



Héðinn kveðst búinn að verja miklum tíma í að taka Skrúð í gegn enda er hann bæði finn og flottur.

átti hann enda er hann með sál," segir hann.

Skrúður er fjölskyldufleyta og meðfram hliðunum er net til að barnabörnin detti síður í sjóinn. Þegar Héðinn er spurður hvort þetta sé gott sjóskip svarar hann fastmæltur: „Já, þetta er sjóborg.“

Undir bláum kassa fram á dekki eru þrjár handfærarúllur, smíðaðar í Færeypjum. Þær má Héðinn nota til að veiða sér í söð-ið en engan á hann kvótann. „Þegar ýsan bítur á þá er konan með pottinn tilbúinn hérna niðri," segir hann hlæjandi og býður til stofu.

„Þetta er nú herbergið sem þorskurinn var hafður í," segir hann þegar komið er niður í lest. Nú er þar allt í senn, stofa, hjóna-herbergi og eldhús. Rennandi vatn er í krananum og Héðinn bendir á stytta af sel, spöskur. „Selurinn sér um vatnið. Hann er vatnsveitustjóri." Frammi í lúkar er vistlegt herbergi fyrir barnabörnin, kojur og bekkir og í brúnni kveðst Héðinn vera með öll bestu siglingatæki veraldarinnar. Meira að segja astek. „Þegar varnarliðið fer þá tek ég örugglega að mér kafbátaeftirlitið," segir hann hlæjandi.

gun@frettabladid.is

„Ég er búinn að eiga þennan bát í þrjú ár og hef varið miklum tíma í að taka hann í gegn enda er ég með bátadellu," segir Héðinn brosandí, þegar blaðsnaþar hitta hann við Grandagarð. Hann tekur þeim vel og dregur bátinn að bryggjunni svo þeir komist um borð. „En ég hefði nú ekki verið í þessum galla ef ég hefði átt von á gestum," segir hann glaðlega.

Héðinn er Austfirðingur og kveðst hafa verið orðinn skipstjóri á Eskifirði 12 ára. Skrúðs-nafnið er að austan en samt er báturinn norðan úr landi, smíðaður á Akureyri 1975 og er eitt síðasta verkið í íslensku tréskipasmíði, að því er Héðinn upplýsir. „Báturinn er 23 tonn og var gerður út frá Húsavík í 30 ár og hét Fanney ÞH. Það var sómafólk sem



Eldhúsið er snortur í Skrúði.



Héðinn sýnir hvar björgunarbáta og öryggisbúnað er að finna.



Í lúkanum er plássíð fyrir farþegana.



Selur eftir Guðmund frá Miðdal er vatnsveitustjóri.

Sterk klæðning og endingargóð

Möllershús á Hjalteyri er eitt þeirra húsa á Norðurlandi sem klætt er galvanísraðri klæðningu.

„Þetta er nú bara gamall hjallur," segir Örn Ingólfsson hógvær þegar Möllershúsi er hrósað fyrir snoturleika. Hann stendur við að mála glugga eitt lognvært síðdegi við fjörðinn.

Möllershús nálgast það að verða eitt hundráð ára gamalt að sögn Arnar. Það virðist hinsvegar enginn hjallur vera enda er það


eitt af hinum vinalegu húsum á Hjalteyri sem vel hefur verið haldið við. Örn segir galvaniseruðu klæðninguna ótrúlega sterka og endingargóða. „Hún þarf allveg sáralítið viðhald," segir hann. Nú er Möllershús sumarþustaður Arnar og konu hans Elsu Valgarósdóttur og reyndar segir Örn frána eiga húsið.



Möllershús var byggt á öndverðri 20. öld og ber aldurinn vel.



„Það þarf öðru hvoru að mála gluggana," segir Örn og nostrar við verkið.



SIRKUS

**Stigar, allar gerðir
Innihurðir
Parket**

Verkstæðisþjónusta
Trésmíði og lókkun

Imex ehf.
Lynghóls 3
Árbæjarkverfi
Sími 567 1300
www.imex.is

Horfðu til himins

**Ódýrir
Gæða
Pakgluggar**

Opnanlegir að neðan
Öryggisgler
Valin Pine viður
Stillanleg öndun
Tvöföld vatnsvörn

FAKRO

ALTAK

Stórhöfði 33 • Sími: 577 4100
Fax: 577 4101 • www.altak.is

Sláttuvél, Murray
BS mótör 4hp, 50 sm, poki, hæðarstilling
5085247

27.900

Vertu klár
...fyrir sumarið



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Baráttan við fíflana

Fífla er best að stinga upp með rót og öllu.

Á hverju ári hefst baráttan við fíflana sem spretta upp í gördum fólks og yfirtaka alla grasflötina ef ekkert er að gert. Eitt ráðið er að nota sérstakt fíflaeitur sem údað er á fíflana og drepur þá án þess að skaða grasið. Gallinn við eitrið er að það hefur slæm áhrif á umhverfið og það skilur eftir sig bletti á grasflötinni sem tekur smá tíma að jafna sig.

„Ég ráðlegg fólki að stinga upp fíflana að vori þegar þeir eru vel sjáanlegir og viðráðanlegri en þegar líða tekur á sum-

arið,“ segir Kristín Karlsdóttir, garðyrkjufræðingur hjá Gróðrastöðinni Stord í Kópavogi.

„Hægt er að nota kantskera eða svokallaðan fíflabana til verksins en mestu skiptir að ná upp rótinni,“ segir Kristín. Hún tekur það fram að verið sé að reyna að minnka eitrefnanotkun í gördum og þetta því einfaldasta og besta leiðin.

Fíflabani er notaður til að stinga upp fíflana. Hann fæst í Garðheimum og kostar 2.250 kr.



Fíflarnir eru duglegir að breiða úr sér og yfirtaka grasflötina.



Nú er um að gera að nýta tímann og dytta að því sem hefur farið illa í vetur.

Ekki gleyma blómunum

Nú er sumarið loksins komið og meiri tími gefst til að dytta að hinu og þessu á heimilinu.

Farðu vel og vandlega yfir húsið þitt að utan og gerðu lista yfir það sem þú þarft að lagfæra.

Í heitu veðri fara skordýrin á kreik. Hafðu augun opin fyrir geitungabúum í þakrennum eða öðrum óæskilegum skordýrum og láttu eitra fyrir þeim strax.

Lappaðu upp á málninguna ef hún er farin að flagna af eða upplitast og sparslaðu í þær sprungur sem hafa myndast í kuldunum. Ef þú ert með sólpall sem er orðinn slappur ættirðu að taka hann í gegn og lakka og gera finan fyrir sumarið því umferðin um hann er auðvitað mun meiri á sumrin en veturna. Stingdu mosann upp úr hellunum og ekki gleyma því mikilvægasta – fáðu þér fullt af fallegum sumarblómum til að gleðja augað.



Trjágrein undir þakið

Ekki búa allir svo vel að eiga garð en margir eru með svalir og þeim er hægt að breyta í lítinn sælureit með smá lagni og miklu hugmyndaflugi. Þeir sem dreymir um að hafa tré geta fest stóra trjágrein fyrir ofan svalirnar en flestar svalir hafa þak. Í greinina er hægt að hengja kertastjaka, luktir eða falleg hengiblóm og með því breytt ásýnd og stemmningu svalanna í einni svipan. Jafnvel væri hægt að mála loftið ofan við trjágreinina í fallegum lit.

GÓLFEFNINGIN FÆRÐU HJÁ OKKUR



Filtteppi – margir litir.
Verð frá kr. 295,- m²



Teppi á stigaganga - í miklu úrvali.
Komum og gerum verðtilboð.



ÁLFABORG
Skútuvoði 6 • Sími 568 6755





HÚSALIND
FASTEIGNASALA

Hamraborg 20A • 200 Kópavogur • www.husalind.is
Sími 554 4000 • Fax 554 4018 • husalind@husalind.is



Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir,
Löggiltur fasteignasali og hdl.
GSM 867 2928



Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir
Sölufulltrúi
GSM 899 5949



GULLENGI – SÉRINNGANGUR

Falleg og rúmugóð 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð með sérinngangi. Fallegt útsýni. Svefnherbergin eru rúmugóð og með góðu skáaplássi. Eldhús er með fallegri hvítari innréttingu og tengi fyrir uppþvottavél. Stofan er björt og rúmugóð og er opin við eldhús og borðstofu. Úr stofu er útgengt út á stórar há-suður svalir. Þvottahús er inn af íbúðinni með góðu hilluplássi. Geymsla í sameign. Stutt er í alla þjónustu, verslanir og skóla.



SUMARHÚS - BREKKUSKÓGUR



Stór og glæsileg 92,33 fm sumarhús á leigulóð á góðum stað í Biskupstungum. Húsin skilast full frágengin að utan, einangruð og innþétt að innan með 35 fm verönd. Heitt og kalt vatn og rafmagn. Tengdur heitur pottur fylgir hverju húsi. Viðhaldsfríir gluggar. Stöðluð áklæðning á þaki, val á milli svartrar/rauðrar. Kúft vatns-klæðning að utan. Arkitekt Kristinn Ragnarsson. Ásett verð kr. 12,5 millj.



MIÐTÚN-GOTT VERÐ

Til sölu hæð og ris ca.130 fm í algerlega endurgerðu húsi á grónum stað. Ásett verð kr. 26,9 millj

KJARTANSGATA - SÉRHÆÐ



